

Ed.

781. Frumvarp til laga

[203. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

- a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 40% skattsins renni í félagsheimilassjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
- c. 10% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum, og skal $\frac{1}{3}$ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en $\frac{2}{3}$ til kennslukvikmyndasafns.
- d. 25% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.

2. gr.

Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússins.

3. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1949 og þangað til byggingarkostnaður þjóðleikhússins er að fullu greiddur.

Meðan þessi lög gilda, frestast framkvæmd laga nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.